

**FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI
FARANDLAUNÞEGA**

ÁKVÖRÐUN nr. 156

frá 7. apríl 1995

um forgangsreglur í tengslum við bótarétt vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar

(95/419/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA
HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið fjalla um öll mál er varða framkvæmd ákvæða reglugerðarinnar,

með hliðsjón af 2. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 þar sem kveðið er á um að ákvæði téðrar reglugerðar um veitingu aðstoðar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar til lífeyrisþega og aðstandenda þeirra (27. til 33. gr.) gildi „ekki um lífeyrisþega eða aðstandendur hans hafi hann áunnið sér rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf aðildarríkis með því að stunda atvinnustarfsemi. Í slíkum tilvikum gildir það sama um hlutaðeigandi einstakling, að því er varðar framkvæmd þessa kafla, og um launþega eða sjálfstætt starfandi einstakling eða aðstandendur þeirra“,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að afmarka nákvæmlega umfang þessarar greinar og rýmka gildissvið hennar til þess að koma í veg fyrir ósamræmi í túlkun almannatryggingastofnana aðildarríkjanna.

Setja ætti forgangsreglur um beitingu ákvæða kaflans um veikindi og meðgöngu og fæðingu í reglugerðinni þegar atvinnulaus maður tekur upp hlutastarf á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en því þar sem hann fær atvinnuleysisbætur.

Nauðsynlegt er að setja forgangsreglur um beitingu ákvæða kaflans um veikindi og meðgöngu og fæðingu þegar lífeyrisþegi sem starfar í öðru aðildarríki verður atvinnulaus.

Þessar forgangsreglur mega þó ekki leiða til þess að afleidd réttindi séu tekin fram yfir persónuleg réttindi.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Ákvæði 25. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 gilda ekki um einstakling sem er með öllu atvinnulaus en tekur aftur upp hlutastarf eða aðstandendur hans sem eiga rétt á bótum samkvæmt löggjöf aðildarríkis á grundvelli slíkrar atvinnu. Í því tilviki skal hlutaðeigandi einstaklingur teljast, að því er varðar kaflann um veikindi og meðgöngu og fæðingu í téðri reglugerð, launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur og aðstandendur hans aðstandendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings.
2. Ákvæði 27. til 33. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skulu ekki gilda um lífeyrisþega eða aðstandendur þeirra sem eiga rétt á bótum samkvæmt löggjöf aðildarríkis á grundvelli atvinnuleysisbóta. Í því tilviki skal hlutaðeigandi einstaklingur teljast, að því er varðar kaflann um veikindi og meðgöngu og fæðingu í téðri reglugerð, launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem hefur orðið atvinnulaus og aðstandendur hans aðstandendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings sem hefur orðið atvinnulaus.
3. Beiting 2. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og framangreind ákvæði fá því ekki breytt, hvað varðar hlutaðeigandi einstakling, að persónuleg réttindi sem hann hefur öðlast með atvinnu sinni, atvinnuleysi eða lífeyristöku eru réttærri afleiddum réttindum sem honum hafa áskotnast vegna annars einstaklings sem aðstandandi eða eftirlifandi einstaklingur.
4. Ákvörðun þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Formaður framkvæmdaráðsins

Monique MOUSSEAU
